

**Sp. 385. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]**  
um byggingu nýs varðskips til landhelgisgæzlu og áætlunargerð um eflingu Landhelgisgæzlunnar.

Flm.: Jóhann Hafstein, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að byggingu nýs varðskips til landhelgisgæzlu.

Skal byggingu varðskipsins hraðað svo sem verða má og gerð og stærð þess miðuð við fyrirhugaða útfærslu fiskveiðilandhelginnar hinn 1. september 1972.

Jafnframt láti ríkisstjórnin gera áætlun um alhliða eflingu Landhelgisgæzlunnar á næstu árum.

#### Greinargerð.

Það má furðu gegna, hversu mikið fálæti hefur ríkt hjá ríkisstjórninni varðandi nauðsynlega eflingu Landhelgisgæzlunnar, miðað við þau stóráuknu og vandasömu verkefni, sem henni eru ætluð við útfærslu fiskveiðilandhelginnar hinn 1. september 1972. Landhelgisgæzlan mun nú vera að festa kaup á þyrlu af stærri gerð en áður, samkvæmt heimild, sem hún hafði fengið til slíkra kaupa frá fyrrverandi ríkisstjórn. Enn fremur hefur Landhelgisgæzlan haft til athugunar kaup á hentugri flugvél eða flugvélum til gæzlustarfa.

Hjá hinu verður ekki komizt, að hefjast nú þegar handa um aukinn skipastól til gæzlustarfa, miðað við hin breyttu viðhorf, sem fram undan eru. Af því tilefni er þessi tillaga til þingsályktunar flutt. — Nánar verður gerð grein fyrir málinu við framsögu þess.